

**Nd.**

**193. Nefndarálit**

**[54. mál]**

um frv. til l. um útflutningsleyfi o.fl.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta, og annað sem því er samferða, um útflutningsráð, er til komið vegna þeirrar niðurstöðu í samningaviðræðum stjórnarflokkanna um myndun ríkisstjórnar að færa útflutningsviðskipti úr viðskiptaráðuneyti yfir í utanríkisráðuneyti. Þau rök hafa helst verið færð fyrir þessari breytingu að með henni náist betri nýting utanríkisþjónustunnar, en einnig hefur verið nefnt að slíkt fyrirkomulag gæti auðveldað samskipti okkar við t.d. Evrópu-bandalagið.

Það er skoðun undirritaðs að færa verði gild rök fyrir því að kerfisbreyting af þessu tagi sé til bóta og leysi vandræði sem við er að glíma með núverandi fyrirkomulagi þannig að betur fari.

Fram hjá því verður ekki horft að því getur fylgt viss áhætta og óhagræði að sami ráðherra fari með málefni útflutningsviðskipta og pólitíska stefnumörkun og störf í utanríkisráðuneyti.

Undirritaður telur verulega skorta á að nytsemd þessara breytinga hafi verið studd þeim rökum að réttlætjanlegt sé að hverfa frá fyrirkomulagi sem almennt er viðurkennt að hafi skilað góðum árangri. Það er ekki æskileg málsmeðferð að ákvarðanir um breytingar á skipulagi Stjórnarráðs Íslands séu teknar samfara hrossakaupum um ráðherrastóla. Það viðhorf var ríkjandi meðal þeirra sem nefndin fékk til viðræðna að málinu hefði í raun verið ráðið til lykta fyrir löngu og ekki þýddi að andæfa því. Meðal annars af þessum sökum hefur málið fengið mjög takmarkaða umræðu meðal hagsmunaaðila og afgreiðsla þess nú er ekki í tengslum við heildarendurskipulagningu Stjórnarráðsins né viðtæka umfjöllun um skipan viðskiptamála í heild.

Ýmsum spurningum er ósvarað og engin tilraun virðist hafa verið gerð til að veða og meta kosti þess og galla að gera slíkar breytingar. Má í því sambandi benda á eftirfarandi:

1. Vegna þess að helstu rök fyrir umræddum breytingum eru sögð vera betri nýting utanríkisþjónustunnar er rétt að undirstrika að ekkert hefur komið fram um að utanríkisþjónustan sé nú vannýtt.

2. Samtök stærstu útflytjenda hafa á fundum með nefndinni ítrekað lýst þeirri skoðun að viðskiptaráðuneytið hafi unnið gott starf og enn fremur að samstarf allra þessara aðila, þ.e. útflytjenda, viðskiptaráðuneytis, utanríkisráðuneytis og utanríkisþjónustu sé gott.

3. Hvað eftir annað hefur verið benti á að því geti fylgt óhagræði að farið sé með viðskiptamál og pólitíska stefnumörkun í utanríkismálum í sama ráðuneyti og hafa þessar ábendingar ekki verið hraktar. Fulltrúar síldarútvegsnefndar, sem árum saman hafa staðið í gerð erfiðra sölusamninga, lögðu sérstaka áherslu á þetta atriði á fundi með nefndinni.

4. Ekki hefur gefist tími til að fá formlegar, skriflegar umsagnir stærstu útflutningsaðilanna þar sem stjórnir þeirra samtaka hefðu fjallað um frumvarpið. Fyrir liggur neikvæð afstaða sjö stærstu útflytjenda sjávarafurða til hliðstæðrar kerfisbreytingar sem til athugunar var 1983.

5. Með þessari breytingu er viðskiptamálefnum skipt upp á milli tveggja ráðuneyta og það meira að segja utanríkisviðskiptunum sem slíkum þar sem einungis útflutningsviðskiptin eiga að flytjast yfir í utanríkisráðuneytið.

Þessi uppskipting gengur í raun gegn anda laganna um Stjórnarráð Íslands þar sem meginmarkmið er að skipa skyldum og samstæðum málum til eins og sama ráðuneytis (sjá athugasemdir við frumvarp til laga um Stjórnarráð Íslands frá 1969). Með þessari breytingu yrði mismunandi verkefnum slengt saman undir eitt ráðuneyti og við slíkar aðstæður er viss hætta á að tiltekin mál öðlist forgang og önnur bíði eða mæti afgangi.

6. Þessi breyting er ekki hluti af heildarendurskipulagningu Stjórnarráðsins og verður ekki séð að nauðsyn krefji að taka þessa einu breytingu fyrir fremur en margt annað sem til álita hlýtur að koma við endurskoðun þeirra mála.

7. Ekki hefur verið kannað hvaða áhrif þessi breyting kann að hafa á aðstöðu okkar í EFTA, en athygli vekur að ekkert hinna EFTA-landanna hefur það fyrirkomulag á þessum málum sem hér er lagt til.

8. Ekki verður séð að kannaðir hafi verið aðrir möguleikar sem eðlilegt væri að skoða ef breyta á núverandi fyrirkomulagi á annað borð. Þar er efst á blaði sá möguleiki að stofna sjálfstætt utanríkisviðskiptaráðuneyti sem gæti eftir atvikum verið alveg sjálfstætt eða sérstök deild í utanríkisráðuneyti sem heyrði beint undir sérstakan utanríkisviðskiptaráðherra (sambærilegt fyrirkomulag og tíðkast í Finnlandi og Svíþjóð).

Fáar þjóðir, ef nokkrar, eru jafnháðar utanríkisviðskiptum og Íslendingar og þar sem veltan í þessum viðskiptum nemur nálægt hálfum þjóðartekjum okkar er langt frá því goðgá að hugleiða stofnun sérstaks ráðuneytis til að fara með þessi mál.

Margt fleira mætti tína til sem enn er óljóst um áhrif þess að færa útflutningsviðskipti til utanríkisráðuneytisins. Þó það sé þarft og lofsvert að leitast við að efla útflutningsstarfsemi í landinu, fellst undirritaður engan veginn á að það hafi verið rökstutt að sú kerfisbreyting, sem lögð er til í frumvarpinu, sé í því efni vænlegasta leiðin. Allt of miklir vankantar eru á þessu og of mörgum spurningum er ósvarað til þess að þau veigalítlu rök, sem efni frumvarpins er stutt með, réttlæti samykkt þess.

Annar minni hl. leggur því til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** og hætt verði við að breyta verkaskiptingu innan Stjórnarráðs Íslands að þessu leyti að svo stöddu.

Alþingi, 3. des. 1987.

Steingrímur J. Sigfússon.